



## **Hafnarnefndarfundur**

Fimmtudaginn 10. janúar 2013 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 17.30. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

### **1. Starfsmannahald**

Formaður gerði grein fyrir að Guðjón Jónsson sem ráðinn var hafnarvörður í júní sl. hafi sagt upp störfum og hann hafi í samráði við sveitarstjóra samið við Þórey Jónsdóttur um að leysa sig af í uppsagnarfresti sem er þrír mánuðir. Ljóst sé að ráða þurfi hafnarvörð fyrir 1. apríl nk. Hafnarnefnd ræddi málið og samþykkti að fela sveitarstjóra að auglýsa starf hafnarvarðar laust til umsóknar.

### **2. Fjármál/fjárhagsáætlun 2013**

Fyrir fundinum lágu drög að rekstrarreikningi ársins 2012 ásamt fjárhagsáætlun hafnarinnar fyrir árið 2013. Í fjárhagsáætluninni kemur fram að gert er ráð fyrir að heildartekjur hafnarinnar verði 36.895 þús. en rekstrargjöld verði 27.898 þús. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur verði 8.997 þús. Í sjóðstreymi áætlunar kemur fram að handbært fé frá rekstri verði 10.823 þús. og að fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 28.470 þús. Fjárhagsáætlun var til kynningar

### **3. Framkvæmdir 2013**

a) Fyrir fundinum lá minnisblað um framkvæmdirnar þar sem kemur fram að samkvæmt fjárlögum 2013 er gert ráð fyrir fjárveitingu til Skagastrandarhafnar til að lengja viðlegukant við Miðgarð um 40 m. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 52 milljónir króna með VSK. Nettó kostnaður til skiptingar yrði samkvæmt því 41,4 milljónir. Þar sem frestun á gildistöku 24. gr. hafnarlaga var til ársloka 2012 mun ný skipting kostnaðar milli ríkis og hafnar að óbreyttu vera þannig að ríkið greiði 40% en höfnin 60%. Kostnaður hafnarinnar við framkvæmdina yrði samkvæmt því 24,8 milljónir og ríkishluti yrði 17 milljónir. Hafnarnefnd ræddi málið og samþykkti að ráðast í framkvæmdina og að óska eftir hönnun og efnisútvegum af hálfu Siglingastofnunar.



b) Í minnisblaðinu var einnig greint frá stöðu fyrirhugaðra framkvæmda við Ásgarð og kemur fram að viðgerð sem stefnt var að með undirbúningi á vordögum 2012 getur ekki orðið þar sem mannvirkið hefur verið metið það lélegt að ekki sé vit í að eyða fjármunum í að steypa þekju ofan á það. Siglingastofnun hefur því sett endurbyggingu Ásgarðs inn á samgönguáætlun 2013-2016. Í drögum að þeirri samgönguáætlun er nú gert ráð fyrir rúmlega 200 milljónum króna vegna framkvæmda við endurbyggingu garðsins sem skiptist þannig:

- 2014 eru áætlaðar 95 milljónir sem skiptist þannig að höfn greiðir 60% eða 57 milljónir og ríki 40% eða 38 milljónir
- 2015 eru áætlaðar 112 milljónir sem skiptist þannig að höfn greiðir 60% eða 67 milljónir og ríki 40% eða 45 milljónir

Framkvæmdin miðast við að rekið verði niður stálþil utan um núverandi bryggju og sett þekja, lagnir og lýsing. Hafnarnefnd ræddi málið sem var til kynningar og ekki gerðar samþykktir vegna þess.

#### **4. Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs.**

##### **Bréf Umhverfisstofnunar.**

Fyrir fundinum lá áætlun er sett af sveitarstjóra/hafnarstjóra Skagastrandarhafnar samkvæmt fyrirmælum í 5. gr. reglugerðar nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum.

Áætlunin sem er dagsett 10. desember 2012 er gerð samkvæmt kröfu UST á allar hafnir á landinu.

Fyrir fundinum lá einnig bréf UST dags. 18. desember 2012 þar sem áætlunin er staðfest. Sveitarstjóri greindi frá ferli málsins og hvernig hafi verið staðið að gerð áætlunarinnar. Málið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir vegna þess.

#### **5. Önnur mál.**

Umræður urðu um umgengni á hafnarsvæðinu og sérstaklega rætt um gáma frammi á Miðgarði. Ákveðið að taka málið upp við hlutaðeigandi. Rætt var um rafmagnsmál á Ásgarði og Skúffugarði og rætt um ýmis frágangsmál á hafnarköntum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19.05

Adolf H. Berndsen

Árni Sigurðsson,

Sigríður Gestsdóttir

Gunnar Sveinsson,

Jóhann Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson